

Skógrækt Ríkisins Deild 81 Suðurland.

Ársskýrsla.

1985

Böðvar Guðmundsson.

## 1. Veðurfar ársins.

1.1. Vetrarmánuðirnir jan - marz voru góðir, lítill snjór en nokkurt frost dag og dag. Í apríl fór að vora, en þó komu dagar með þó nokkru frosti. Maí var góður og lítill úrkoma. Í heild má segja að góð veðráttá hafi verið allan veturinn, en úrkoma lítill. Jórð var því mjög þurr um vorið. Maí góðviðrasamur en þurr. Lítill jarðklaki. Júní- ágúst voru mjög þurrir og góð veður, en hitastig ekki tiltakanlega hátt. Norðanátt og sólfar mikið. September góður og þá komu nokkrir úrkomudagar. Okt- des góðir, lítill sem enginn snjór. Arið í heild verður að teljast mjög gott, þurrt en ekki tiltakanlega hlýtt.

## 2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

### 2.1 Laufgun og lauffall.

Laufgun á birki í lágsveitum sunnanlands tel ég hafi verið 21 maí. Reyniviður og ösp laufga nokkru fyrr og lerki lang fyrst . Birki laufgaðist óvenju snemma en nokkuð dró úr því að blöð næðu fullri stærð vegna kuldakasts sem gerði eftir 21 maí og stóð í um viku tíma. Sitkagreni var að sprengja brum upp úr lo júní og er það viku - lo dögum fyrr en venjulega..

Um lauffall vil ég hafa sem fæst orð enda var ég á ferð í Alaska um það leyti, en hef fyrir satt að lauffall hafi verið öllu seinna en vant er.

### 2.2. Vöxtur.

Ársvöxtur verður að teljast mjög góður. Ársprotar á Sitkagreni áberandi langir. Í Gullhekturum í Þjórsárdal mældist sá lengsti 90 cm. Jafn langur ársproti mældist í garði á Selfossi. Meðalársprotinn í Þjórsárdal 30 - 40 cm, en þeir eru æfinlega mjög misjafnir að lengd í Sitkagreni. Aðrar tegundir með óvenju góðan vöxt, þrátt fyrir þurrt sumar.

### 2.3. Fræfall.

Lítið fræfall. Engu safnað. Töluvert var af könglum á Sitkagreni á Selfossi, en mest af því tómt.

#### 2.4. Skaðar.

Helstu sjáanlegir skaðar voru að toppar brotnuðu á Sitka-greni enda óvenju langir. Orsakaðist þetta af hvassviðri í ágúst. Þetta gerist næstum árlega, en var mjög áberandi nú vegna þess hve sprotar voru langir og viðkvæmir. Nokkrar stafafurur fuku um koll í s - au veðri í nóv. Stóðu þær í svokölluðum Búnaðarbankareit í Ásólfstaðaskógi. Maðkur var mjög mikill í Þjórsárdal í sumar og sama má segja um flest skóglendi sunnanlands. Birki laufgaðist því lítið og skógurinn mjög dökkur yfirlitum. Virtist þetta vera meira áberandi neðst í hlíðum.

#### 3.0. Starfsfólk.

20 manns komust á launaskrá hjá deild 81 1985. Eftir mánuðum skiptist fólkið þannig.

jan	-	feb	-	marz	-	apr	-	mai	-	júni	-	júlí	-	Ág	-	Sept	-	okt/des
1		3		2		1		10		15		14		13		6		4

4. Girðingar.

Girðingaeftirlit eins og venjulega.

4.1. Þórsmörk. Girtur nýr 700 m langur kafla efst á Svínatungum.

4.2. Þjórsárdalur. Erfiðleikar með að halda fé utan girðingar við Skeiðamannahólma í ágúst og sept. eftir að afréttarfé fer að streyma fram að afréttargirðingum. Urbætur: rafmagnsstreingur á ca 2 km. kafla, hengdur utaná girðinguna. Varnar því að fé komist alveg að girðingunni og grafi sig undir hana eins og dæmi eru um allmörg.

Nokkrar upplýsingar um Þjórsárdalsgirðingu. Girðingarlengd 26.610 metrar. Ef girðingunni er fylgt frá Blátingu í suðri að Þjórsá í austri, má skifta henni í eftirfarandi kafla eftir aldri og ástandi.

Girt 1960	Bringa - Blakkdalur	allgóð	3.550 metrar.
Girt 1938	Blakkd.- Sniðhólahorn	Léleg	3.320
Girt 1970	Sniðh. - Selsandur	allgott	1.700
Girt "76-79	Sels. - Sandá	góð	3.480
Girt 1938	Sandá - Sundlaug	léleg	5.020
Girt 1978	Sundl - Þjórsá	allgott	9.540

Sjá má á þessarri upptalningu að " lélegt" er talið 8.340 metrar og lakasti hlutinn af þessu er kaflinn Sandá - Sundlaug 5.020 m. Af þessum kafla þyrfti nauðsynlega að endurgirða á næsta ári kaflann Sandá - Reykholtshlið 1540 metra. Ennig þarf að setja upp rafstreng á neðsta hluta "Skeiðamannahólma", en þar er gífurlegur þrýstingur af fé seinni part sumars. Sennilega mundi duga að setja einn streng ca 25 cm frá jörðu utan á girðinguna á svokallaða " spóaleggi", en þeir eru hafðir til að halda rafstrengnum frá girðingunni.

4.3. Skarfanessgirðing. Viðhald eins og venjulega.

Beitarhólf orðið afar lélegt og hlédur vart fé. Beitt hefur verið í það ca. 20 ám undanfarin ár. Girðing Landgræðslunnar sunnan Skarfanesslæks heldur ekki lengur. Einnig lélegt hlið. Fé frá Skarði á Landi sækir mjög upp í Skarfaness. Urbætur: gera við girðingu sunnan við Skarfanesslæk og hliðið einnig. Girða nýja girðingu á mörkum Skarfaness og Ósgrafar suður í fyrrnefnda landgræðslugirðingu, ca 800 m. Fæst þá inn í Skarfanessgirðingu nánast allt gróið land Skarfaness.

4.4. Viðhald annarra girðinga eins og venjulega.

5. Skógarhögg.

- 5.1. Jólatré: Eftir gott sumar var ágætur litur á öllum jólatréjum. Jólatréshögg hófst 6 nóvember og lauk 29 nóv. Alls voru höggvin 2.233 tré, sem skiptast þannig í stærðarflokka.

	Rauðgr.	Stafafura	Fjallapínur
0,70 - 1,00	158	1	1
1,00 - 1,25	716	22	5
1,25 - 1,50	700	31	12
1,50 - 1,75	252	33	7
1,75 - 2,00	141	16	3
2,00 - 2,50	58	16	
2,50 - 3,00	26		
3,00 - 4,00	25		
4,00 - 5,00	8		
5,00 - 6,00	1		
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	2.086	119	28

Heldur er þetta með minna móti því oftast hafa verið höggvin ca. 2.500 tré. En markaður var ekki fyrir meira. Eg er orðinn nokkuð sannfærður um að sálan í rauðgreni kemur til með að minnka á næstu árum. Fólk vill fá tré sem halda barrinu betur en rauðgreni gerir. Þöluvert er til af rauðgreni á suðurlandi á næstu árum og það er auðvelt í ræktun á sínum stöðum. Langt er í það að við getum boðið upp á barrheldnari tegundir. Eg vil því minna á þær tilraunir sem Ágúst Arnason í Hvammi hefur verið að gera með sprautun acrílefnis á rauðgreni til að auka barrheldni og legg til að það mál verði athugað gaumgæfilega. Þarna er mjög líklega svar okkar við auknum innflutningi á jólatréjum og minnkandi sölu okkar.

5.2. Hnausaplöntur. Allmikið var selt af hnausaplöntum úr Þjóarsárdal. Fólk fékk að stinga trén upp sjálf, en þau höfðu áður verið merkt sérstaklega í þessum tilgangi. Hvert tré kostaði kr. 500 óháð stærð og seldist fyrir um 200.000 krónur eða um 400 tré. Mjög lítill kostnaður er samfara þessu og verður því haldið áfram á sömu braut.

5.3. Grisjun og Frásögun.

Þjóarsárdalur: Grisjaðir voru 3.75 ha í Ásólfstaðafjalli efst í skóginum í Miðtorfu, út frá vegi er ruddur var 1984. Sagað var frá plöntum eftir þörfum. Aðaláherzlan þó lögð á jólatrjáareiti.

- Ekki unnið að grisjun eða frásögun annarsstaðar.



5.4. Pórsmörk.

Víðir	Yakutat				Valahnjúkur	190 vstk
Al.víðir	Cordova				do	<u>20</u>
						210

6.5. Kirkjubæjarklaustur.

Stafafura	Skagway	2/2/2	B-952	T	V-brekkur	1.500
Rússalerki	MoDo	2/2	c-058	T	do	<u>200</u>
						1.700

6.6. Skógaskóli.

Birki		2/2		T		100
Stafafura	Skagway	2/2	c-044	T		200
Sitkagreni	Homer	2/2	B-886	T		100
Alaskavíðir						<u>70</u>
						470

Alls gtóðursett á vegum D 81 1985

—————→ 42.910

Óplantað:

Rússalerki	MoDo	2/1m	c-054	T		400
Rauðgreni	Brönnöy	2/2m	B-801	T		<u>3.960</u>
						4.360



7. Hirðing plantna.

7.1. Hreinsun. Meginþunginn af teinungssögun var í Lambahöfði þetta árið og reitir 2913 - 2915 hreinsaðir. Einnig hreinsað við Fordveg 2220 og 2219.

7.2. Áburðargjöf. Borin voru á plöntur 3 tonn af áburði. Helst teknir fyrir jólatrjáareitir.

8. Vélar og Verkfæri.

8.1. X 2395. Vörubíllinn var tekinn í stórkjössun skömmu eftir áramót og var Sigurður Eiríksson frá Vallholti í Fljótsdal fenginn til þess. Var millikassi tekinn í gegn, bremsur og legur auk annars smálegs. Einnig var bíllinn sprautaður. Þetta tókst svo vel að ekkert bilaði það sem eftir var árs og þó keyrsla mikil.

8.2. X 6476 Mishubishi. Reyndist ágætlega. Bilaði ekkert.

8.3. Vinnuvélar og Verkfæri. Það helsta sem var að ergja okkur voru kjarrsagirnar. Sagirnar frá Jonsereeds dattu í hengla hver á fætur annarri. Í athugun að skipta um merki.

9. Byggingar.

9.1. Viðhald: Ný hurð var smíðuð fyrir þórsmerkurhúsið. Það var einnig málað og dyttað að ýmsu öðru smálegu. Borið var fúavarnarefni á alla kamra í Þórsmörk.

Nýasti starfsmannaskálinn í Þjórsárdal var fúavarinn.

10. Nývirki.

Í Þjórsárdal var hafin bygging á nýju starfsmannahúsi. Er þetta 160 fermetra bygging og henni valin staður nálægt núverandi skálum. Grunnur var tekinn og sökklar og plata steipt. Frárennslislagnir voru lagðar og rotþró steipt. Grunnur er nú tilbúinn og næsta skref að reisa grind, en húsið verður byggt úr timbri með vatnasklæðningu.

Í Þjórsárdal var byggt á árinu klósetthús. Er það staðsett á hjólhýsasvæði við Hvammsá. Eingöngu hjólhýsaeigendum eru ætluð afnot af húsinu og fær hvert hjólhýsi lykil að klósetthúsinu. Umgengni hefur verið mjög góð það sem af er

11. Ýmislegt

- 11.1. Starfsmannafund sat skógarvörður í Reykjavík samkv. venju.
- 11.2. Fræsöfnunarleiðangur til Alaska. Skógarvörður (BG) fór ásamt þrem öðrum íslendingum til fræsöfnunar til Alaska 4 sept. og kom aftur 31. október. Skýrsla um ferðalag þetta verður birt sérstaklega.

12. Ferðafólk.

- 12.1. Þjórsárdalur: Umsjón og gjaldtaka var á tjaldstæðum í Þjórsárdal. Hjólhýsasvæði var formlega opnað þar sem menn geta haft hjólhýsi sín allt árið. Var þar reist klósett-hús með vatnssalernum. Einnig var leitt vatn að hjólhýsum. Alls voru komin um 20 hjólhýsi á svæðið seinni part sumars. Gjald fyrir árið er 4.750 kr.
- 12.2. Þórsmörk: Sigurður Ólafson og systir hans Katrín voru landverðir í Þórsmörk. Sáu þau um tjaldgæslu og ferðafólk ásamt girðingareftirliti. (sjá sérstaka skýrslu um Þórsmörk).

*Selfossi 11/2 '86.  
Þófríður Guðmundsdóttir.*

BLS 6/8

Þíomarland skýrskattar Ríkisskis ásamt leigutöndum 3/112 85

1/1000000000 Zimrautgrapas 1/1000000000 fjárlaga og hagryslu-  
skofmuna

Svafi ↓	Notafurinn sk. á fjárl. AEIING TOLLUR INNI	Nýttanlegt all mikilla for. á fjárl. og meir.	Nýttanlegt m. for. á fjárl.	Nýttanlegt óblítt	Nýttanlegt sk. á fjárl. og meir.	Sk. á fjárl. og meir.	Þíomarland eigna	BLS Landf. fjárl.	langd gröðungu	Metrar per. á land
Þíomarland Þjót Sárdalur (Asolf. - Skerfufel)	172 ha	228	134	2822	88	1112 ha	176	4732 ha	26.610 m	5,6 m gr. 8,3 m gr.
Skerfufel.	25 ha	584	484			240		1308	5900 m	4,5 m gr. 5,5 m gr.
Leigutönd ↓ Kirkjubogastanur	197	812	618	2822	88	1.352	176	6940	32510	
"Hönnu linn Biske.	82 ha	94					39	133 ha	5.400	40,6 m gr. 57,4 m gr.
Hlíkaskjöldur Skaftharlungur	25	13						13 ha	1510	116 m gr.
Langarvatn	11	211	6		32	253		502 ha	11.630 m	231 m gr. 63,6 m gr. per. á landi (land)
Þóstmörk + Gotaland	270 ha	?	?						10.000 m	
	29.7	328	6		32	263	39	668	31540	
	226.7	1.190	624	2822	112	1.645	215	6688 6.708	67.050	

3. Modifisering

		Kampare	
1. Plötnematörse	10 stk	1500	15.000.
2. Rjüngskloppur	15 -	63	15.000
3. Slagasklippur	5 stk	63	5.000.
4. Skrifstign. alhöld:			
Rikknivel Omic	1 -	82	4.000.
5. Slagaskloppur	1 -	?	5.000.
6. Skrifbord	2 -	?	5.000
7. Eldkist taki i p.d.:			
Kaffivæl	1.	84.	5.000
do	1.	80	3.000
Höarnivel	1	82	5.000

7. Delat og lami.

		kaupfél		
1	Katjuvörð	Jóna LP5BS	árg	82
2	do			81
3	Kjarsön	Hesturvarna		75
4	—	—		75
5	—	Jambúveidi		83
6	Rafntúnel	Meza		79
7	rafur bóndi	Boshi		80
8	slipirvöndur	Bogði		80
9	Kurtlöng	(gömul - frá Hall uppgjafi)		
10	Vörkupúfi	Mercedes Benz		70
11	Sendilífurfi	Mitubittri h300		84
12	Frakkulag sýra	Malley Ferguson		76
13	Dráttar mel	Zehar		87
14	—	Fund 2000		83
15	Vitac kúffingir	(gamall uppg.)		83
16	Jeppalanta	(shar)		74
17	—	(libil)		66
18	Seipi Amergell	Mekaboo.		84
19	Naturdala			88
20	Tallat	Burco		85

11.000

15.000

1.000

5.000 h.e.f

10.000

2.000

500

500

15.000

750.000

700.000

200.000

300.000

150.000

15.000

30.000

20.000

5.000

12.000

20.000